

# SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐS- OG KJARAMÁLUM



DALVÍKURBYGGÐ

*Dalvíkurbyggð leitar að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf sérfræðings í mannaúðs- og kjaramálum á fjármála- og stjórnsýslusviði. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs. Um nýtt starf er að ræða sem verður hluti af mannaúðsteymi sveitarfélagsins. Starfshlutfall er 100%. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.*

## Starfssvið og helstu verkefni

- Vinnur að jákvæðri vinnustaðamenningu með stjórnendum og samheldni á milli vinnustaða.
- Viðheldur leiðbeiningum til stjórnenda um mannaúðstengd mál ásamt upplýsingum til starfsfólks.
- Umsjón með viðhorfskönnunum meðal starfsfólks.
- Kemur að vinnu við Jafnlaunavottun og launaáætlun.
- Ráðgjöf og aðstoð til stjórnenda í tengslum við ráðningar og úrvinnslu gagna.
- Kemur að launavinnslu og framkvæmd kjarasamninga ásamt mannaúðs- og launafulltrúa.
- Fylgir eftir skráningum í Vinnustund.
- Fylgir eftir skráningu og varðveislu starfsmannagagna.
- Á sæti í starfs- og kjaranefnd.
- Þátttaka í ýmsum verkefnum.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði. Nám á sviði mannaúðsmála, vinnusálfræði og/eða sambærilegt er kostur.
- Góð þekking og haldbær reynsla af mannaúðsmálum, launavinnslu og sambærilegum störfum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er kostur.
- Góð alhliða tölvukunnáttá og þekking á upplýsingatækni skilyrði, s.s. Excel.
- Þekking og reynsla af Dynamics 365 Business Central (Navision) og Vinnustund er æskilegt.
- Áhugi á velferð starfsfólks.
- Hæfni til að greina gögn og upplýsingar.
- Gott vald á íslensku og færni til að sjá sig í ræðu og riti.
- Skipulagshæfileikar, nákvæm vinnubrögð og árverki.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Metnaður til árangurs og jákvæðni.

## Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2025

Við ráðningu eru jafnréttissjónarmið jafngild öðrum málefnalegum sjónarmiðum og hvetjum við áhugasama að sækja um, óháð kyni og uppruna. Dalvíkurbyggð áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg ferilskrá auk staðfesta afrita af prófskirteinum, sem og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.



MÖGNUM

**Sótt er um starfið á [www.mognum.is](http://www.mognum.is)  
Nánari upplýsingar veitir:**

Sigríður Ólafsdóttir | [sigga@mognum.is](mailto:sigga@mognum.is)